

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 10. mars 2020
Tilvísun: 201811041 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Svínhóla í Lóni

Sveitarfélagið Hornafjörður sendi Skipulagsstofnun erindi, dags. 26. ágúst 2019, þar sem óskað er athugunar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Svínhóla í Lóni samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn 22. ágúst 2019. Skipulagstillagan var sett fram á kortblaði (A1), dags. 8. ágúst 2019, með uppdrætti í mkv. 1:50.000 og greinargerð.

Skipulagsstofnun óskaði eftir, með bréfi 26. september 2019, að fá að fresta athugun tillögunnar vegna umfangs verkefnisins og sérstöðu skipulagssvæðisins, þar til umsagnir umsagnaraðila og ákvörðun stofnunarinnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum lægi fyrir.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu hótels í landi Svínhóla í Lóni var birt þann 21. febrúar 2020 þess efnis að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun fékk með tölvupósti 27. janúar 2020 send ný skipulagsgögn, dags. 21. janúar 2020 og sem samþykkt höfðu verið í umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins 5. febrúar sl. og samþykkt í bæjarstjórn 13. febrúar 2020.

Í breytingartillögunni felst að 59 ha landbúnaðarsvæði sunnan Þjóðveggar í landi Svínhóla er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu VP49. Gert er ráð fyrir hóteli fyrir allt að 203 gesti, starfsmannaáðstöðu fyrir allt að 160 manns og 20 einbýlishúsum. Áætlað byggingarmagn er rúmlega 20.000 m². Jafnframt er 52 ha landbúnaðarsvæði norðan Þjóðveggar breytt í skógræktar- og landgræðslusvæði.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði, sem bregðast þarf við í skipulagstillögunni og umhverfismati hennar:

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar

Í framangreindri matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar, sem byggir á tilkynningargögnum framkvæmdaraðila, er umfjöllun um ýmis atriði sem breytingartillagan ætti að taka til, svo sem varðandi umfang og fyrirkomulag fyrirhugaðrar uppbyggingar. Fram kemur í ákvörðuninni að með hliðsjón af boðuðum mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila telji stofnunin ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að hafa áhrif á verndargildi Lónsfjarðar. Þannig er í tilkynningargögnum framkvæmdaraðila og í ákvörðun Skipulagsstofnunar tilgreindar mótvægisáðgerðir með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að uppfærð skipulagsgögn eru dagsett 21. janúar en ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu var birt mánuði síðar, eða 21. febrúar sl. Að mati stofnunarinnar er því tilefni til að sveitarfélagið fylgi eftir boðuðum mótvægisáðgerðum með því að setja um þær

skipulagsákvæði til grundvallar gerð deiliskipulags á svæðinu og leyfisveitingum, eftir því sem við á, sbr. einnig 28. gr. skipulagslaga um að í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags m.a. hvað varðar landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar. Jafnframt getur verið tilefni til að sveitarfélagið yfirfari umhverfismat skipulagstillögunnar með hliðsjón af framangreindri ákvörðun stofnunarinnar.

Stofnunin bendir jafnframt á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar eru sett fram skilyrði sem stofnunin telur rétt að séu bundin leyfisveitingum og gerð deiliskipulags og þarf því að huga að við gerð deiliskipulags fyrir uppbyggingarsvæðið.

Bent er á að yfirfara greinargerð aðalskipulagstillöguna og skoða m.a. innbyrðis samræmi á tölulegum upplýsingum og hvort tilvísun í 70 gr. laga um náttúruvernd, í kaflanum um niðurstöðu umhverfismats, eigi við.

Framsetning skipulagsgagna

Framsetning greinargerðar á kortblaðinu kallar á að breytingartillaga sé sett fram í blaðstærð A1 þar sem breytingaruppdráttur þarf að vera í mælikvarða 1:50.000. Stofnunin bendir á að setja greinargerðina fram í sérstöku hefti.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar brugðist hefur verið við ofangreindum ábendingum.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins.


Hafdis Hafliðadóttir